

Stundaskrárbreytingar

Stundaskrárbreytingar fara **einnig fram í gegnum Innu**. Hér er hægt að nálgast öll helstu gögn undir leiðbeiningum á heimasíðu skólans:

<https://www.flensborg.is/is/leidbeiningar/toflubreytingar>

Þar er sérstaklega gott að skoða Rammastundaskrá haustannar, sem sýnir plássin sem við bjóðum upp í stundatöflu. Síðan þarf einnig að skoða Stokkastofutöfluna, sem sýnir hvaða áfangar og hópar eru kenndir í hvaða stokki fyrir sig.

Ég bendi svo á [brautalýsingarnar](#) á heimasíðunni.

Ekki er alltaf hægt að ná fram þeim töflubreytingum sem óskað er eftir. Oft eru námshópar fullir og þar af leiðandi ekki svigrúm til að bæta við, nema eitthvað fækki á mótí. Einnig verður ekki bætt við námi fram yfir eðlilegan einingafjölda og þá er tekið mið af námsárangri á síðustu önn eða önnum.

Svona ferð þú að í Innu:

Í valmyndinni hægra megin sérðu hnappinn:



Þú smellir á hann og velur önnina **2025-2**.

Þar sérðu yfirlit yfir **áfangana** þína og **hópa**, og töfluna fyrir neðan:

Áfangi Hópur

Minir áfangar	✓DANS1TO05 - 3	✓ENSK2HF05 - 1	✓HÁMA1SM02 - 4	✓HILSE1BT02 - 2	✓SLE2BM05 - 4	✓SAGA2FT05 - 1
Valdir áfangar	✓STÆR1UB05 - 1					

Þú getur tekið hak úr þeim hópum sem þú vilt ekki vera í.

Vinstra megin á skjánum er svo valmynd þar sem þú getur slegið inn áfangaheiti:

Töflubreytingar

1. Veldu áfanga

stær2af

BÓKF2DR05
EDLI2HK05
STÆR2AF05
STÆR2TL05

Þri

Minir áfar
✓DANS1
✓STÆR
Valdir áfa

Þú skráir inn nafn áfangans, velur svo þann rétta sem þú vilt taka og þá birtast hóparnir sem úr er að velja:

1. Veldu áfanga

STÆR2AF05

2. Veldu hóp

☒1

☐2

☐3

☐GRSK

Þú hakar við þann hóp sem þú vilt bæta þér í. Loks smellir þú á hnappinn: „Staðfesta óskir um töflubreytingu“

Staðfesta óskir um töflubreytingu

Við reynum að verða við öllum beiðnum ef mögulegt er.